

Best Grip Ísnaglar



Val á nöglum

Til að velja réttu nagla þarf að hafa í huga tvö atriði.

1 – Gerð af dekki

Þú þarft að varast að nota dekk úr mjög mjúkri gúmmíblöndu, til dæmis keppnidekk sem krumpast og öll dekk sem missa eiginleika sína í kulda og verða hörð. Naglarnir munu losna úr þessum gerðum.

2 – Í hvað á að nota naglana

Velja þarf naglana eftir dekkjum og hvaða aðstæður þeim er ætlað í. Mælt er með að setja naglana ekki í of miklum halla. Velja skal nagla eftir magni af gúmmí sem er í kubbunum. Mæla skal þykkt á kubbum. Fyrir bíla, jeppa og vinnuvélar má bæta við 2 mm, en fyrir mótörhjól og fjórhjól sem eru með þunn dekk skal ekki bæta neinu við. Þá er næst að velja nagla eftir lengd. Hafið naglana eins langa og hægt er. Það tryggir festu.

Ísetning á nöglum í dekk.

Setjið naglann í ísetningarverkfærið.

Miðið naglanum beint í kubbinn á dekkinu, látið borvélina snúast mjög rólega.

Þegar skrúfan hefur byrjað að festast mun hún stýra sér sjálf niður í dekkið.

Skrúfið hana niður í dekkið þar til hausinn á verkfærinu kemur við yfirborð dekkisins.

Mikilvægt

Ekki halda áfram að skrúfa ef naglinn fer skagt af stað.

Best er að setja naglann í með stöðugum snúningi og ekki bakka.

Að bakka getur búið til los á naglann og þá er meiri hætt á að hann detti úr.

